

35. aðalfundur Landssambands smábátæigenda Tillögur til sjávarútvegsnefndar frá svæðisfélögum

Efnisyfirlit

<i>Strandveiðar</i>	2
<i>Grásleppuveiðar</i>	5
<i>Makrílveiðar</i>	7
<i>Netaveiðar</i>	8
<i>Handfæri og handfæraívilnun</i>	8
<i>Línuívilnun</i>	9
<i>Leiga veiðiheimilda</i>	10
<i>Endurskoðun á reglum um 5,3% veiðiheimilda</i>	10
<i>Flutningur veiðiheimilda milli kerfa</i>	10
<i>VS afli</i>	11
<i>Dragnótaveiðar</i>	11
<i>Hvítlúða</i>	12
<i>Byggðakvóti</i>	12

Strandveiðar

1. Sæljón lýsir yfir ánægju með framkvæmd strandveiða á nýliðnu tímabili og skorar á stjórnvöld að í breyttu kerfi strandveiða verði eftirfarandi breytingar gerðar:
 - Hver bátur fái heimild til að veiða 48 daga á strandveiðum ár hvert.
 - Hverjum bát er heimilt að róa að hámarki 12 daga í mánuði frá 15. apríl til 15. september.
 - Hámarksafli á dag verði óbreyttur.
 - Heimilt er að róa á öllum dögum vikunnar nema föstudögum og laugardögum.

Greinargerð

Mikil umræða hefur verið um öryggi við sjósókn og ber að fagna mikilsverðum árangri í fækkun slysa. En betur má ef duga skal og með því að rýmka það tímabil sem strandveiðar eru stundaðar ár hvert, - veiðarnar hefjist 15. apríl og ljúki 15. september. Aukið svigrúm mun tvímælalaust bæta öryggi við sjósókn og leiða einnig til meiri hagkvæmni veiða og vinnslu.

2. Strandir hvetur stjórnvöld að breyta reglum um strandveiðar. Tímabil strandveiða verði 6 mánuðir í stað fjögurra eins og nú er og óheimilt verði að stunda veiðar á föstudögum og laugardögum í viku hverri.
3. Snæfell fagnar þeim breytingum sem hafa verið gerðar á strandveiðikerfinu. Mikilvægt er að vinna áfram að aukinni hagkvæmni innan kerfisins. Bæta skal laugardögum og sunnudögum við mögulega veiðidaga.

Snæfell leggur til að fyrirkomulagi strandveiða verði breytt á eftirfarandi hátt:

- Hámarksafli verði fyrir hvern bát í hverjum mánuði. Magnið ákvarðist af fjölda þeirra sem sækja um.
- Heildaraflapottinum sé deilt í bátafjölda.
- Hægt verði að sækja um minna magn því mönnum verði skylt að veiða 100% af því sem þeir sækja um. Engar aðrar reglur eða hömlur. Ekkert hámark á dag, engin tímamörk. Menn geti algjörlega stjórnað sínu róðrarlagi.

Greinargerð

Tilgangurinn með þessari breytingu er aukin hagkvæmni og margföldun á aflaverðmæti. Með þessu yrðu veiðarnar umhverfisvænni og auðlindin betur nýtt. Líklegra yrði að heildaraflaheimildir strandveiðikerfisins myndu nýttast því 100% veiðiskylda yrði á því sem sótt væri um.

4. Elding vill að leyfilegt verði að nota allan mánuðinn til að taka þessa 12 daga. Ekki róíð á rauðum dögum.

5. Skalli telur strandveiðikerið eins og það er útfært í dag sæmilega ásættanlegt, svo fremi sem veiðiheimildir verði áfram tryggðar í 12 daga pr. mánuð í fjóra mánuði.
6. Farsæll leggur til að hver bátur fái heimild til að veiða 48 daga á strandveiðum ár hvert. Hverjum bát er heimilt að róa að hámarki 12 daga í mánuði frá 1. apríl til 30. september. Hámarksafli á dag verður óbreyttur. Heimilt er að róa á öllum dögum vikunnar nema föstudögum og laugardögum.
7. Farsæll lýsir stuðningi við núverandi svæðaskiptingu og hafnar hugmyndum um opnun milli svæða á strandveiðum.
8. Smábátafélag Reykjavíkur krefst þess að svæðaskipting í strandveiðikerfinu verði afnumin og að dagarnir verði að lágmarki 12 í mánuði.
9. Smábátafélag Reykjavíkur krefst þess að strandveiðitímabilið fyrir vestari hluta D svæðis hefjist að loknu hrygningarstoppi.
10. Klettur leggur eindregið til að forræðishyggja við dagaval á strandveiðum verði minnkuð til muna, og sunnudagar verði aftur teknir upp sem mögulegir valdagar.
11. Klettur leggur til að hægt verði að hnika til tíma strandveiða innan 6 mánaða tímabils, frá apríl – september, en verði þó alltaf að vera 4 samfelldir mánuðir.
12. Reykjanes leggur til að heimilt verði að stunda strandveiðar 48 daga á tímabilinu 1. mars – 1. september án allra svæðaskiptinga.
13. Félag smábátæigenda á Austurlandi leggur til að strandveiðar verði einnig leyfðar á sunnudögum og veiðitíminn verði frá 15. apríl til 15. september ár hvert. (48 dagar)
14. Drangey telur að skipulag strandveiða hafi í meginatriðum reynst vel. Í ljósi markaðsaðstæðna og gæfta er þó lagt til að einnig verði heimilt að veiða á sunnudögum. Þá er lagt til að veiðitímabil strandveiða verði valkvætt hverri útgerð í fjóra mánuði samfelld á tímabilinu apríl til september, þó þannig að ávallt verði heimilt að veiða 12 daga í mánuði. Þannig komi aldrei til stöðvunar strandveiða fyrr en í lok veiðitímabils.

15. Báran leggur til að tímabil strandveiða verði lengt í 6 mánuði á ári. Veiðidögum verði úthlutað á tímabilið í stað mánuði.

Greinargerð

Sl. 2 ár hefur komið í ljós að auka þarf svigrúm strandveiðibáta til að geta fullnýtt veiðidaga og eiga möguleika að ná afla á hagkvæman hátt þegar veiðivon er frá þeirri höfn sem þeir róa. Vegna þessara annmarka hefur ekki náðst að veiða allar úthlutaðar veiðiheimildir. Við þessu er rétt að bregðast.

16. Báran leggur til að heimilt verði að veiða allt að tvöfaldan dagskammt í róðri án upptöku afla. Afli umfram dagskammt telst síðan til fækkunar veiðidaga á tímabilinu.

Greinargerð

Smábátaútgerðum ber að hagræða sem kostur er og minnka kolefnisspor eins og aðrar atvinnugreinar. Með framangreindri tillögu er ætlað að minnka olíueyðslu og kostnað á veitt kg.

Með þessari tillögu gæti róðrum fækkað og að síður verið sótt í vondum veðrum sem myndi skapa aukið öryggi strandveiðisjómanna.

17. Báran leggur til að strandveiðar verði heimilaðar alla daga vikunnar.

Greinargerð

Það er skoðun félagsmanna að strandveiðibátar eiga að hafa sama möguleika að nýta sinn fiskveiðirétt eins og aðrir. Það er síðan í höndum skipstjóra að stjórna veiðum og nýta sína daga til veiða. Þar spila m.a. inn í atriði eins og veður, verð og möguleikar til afsetningar aflans.

18. Báran leggur til að geymsluheimild í strandveiðum verði 15% milli ára eins og viðhaft er í öðrum veiðum.

Greinargerð

Mjög óeðlilegt er að mismunandi geymsluheimildir milli ára gildi milli útgerðarforma. Það hlýtur að vera réttlætismál að 15% geymsluréttur gildi fyrir strandveiðar sem og aðrar veiðiheimildir.

19. Fontur leggur til að strandveiðar verði með óbreyttu fyrirkomulagi með þeirri breytingu þó að í stað dagsafla komi vikuafl. Í stað 650 ígilda á dag verði heimilt að veiða 2.600 ígildi á viku, sunnudagur – fimmtudagur.

Greinargerð

Breytingunni er ætlað að minnka kolefnisspor við veiðarnar. Þegar langt er farið væri hagræði í meiri afla í hverri veiðiferð.

20. Fontur vill að heimilt verði að flytja óveiddan strandveiðiafla milli ára eins og gildir um aðrar úhtlutunar.

21. Str.v.f. Krókur vill að strandveiðar verði heimilaðar á 6 mánaða tímabili 48 daga 5 daga vikunnar.
22. Str.v.f. Krókur vill að heimilt verði að gera hlé á strandveiðum til að stunda aðrar veiðar.
23. Árborg krefst þess af fullum þunga að svæðisskiptingin verði afnumin á strandveiðum þar sem það er búið að sameina svæðispottana og að landið verði gert að einu veiðisvæði.
24. Árborg leggur til að strandveiðitímabilið verði frá 1. apríl til 30. september og allur byggðakvóti verði settur inn í strandveiðikerfið.

Grásleppuveiðar

25. Fontur bendir á að hluti af viðbrögðum stjórnvalda við álitni mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna var að benda á stjórnun grásleppuveiða og strandveiða. Verði grásleppuveiðar kvótasettar krefst Fontur að veiðiheimildir til strandveiða verði auknar.
26. Áform um kvótasetningu grásleppuveiða
Sæljón leggst gegn áformum stjórnvalda um að kvótasetja veiðar á grásleppu. Ljóst er að við kvótasetningu veiðanna munu aflaheimildir færast á færri hendur og nýliðun við veiðarnar mun verða erfiðari en nokkru sinni fyrr.
27. Smábátafélag Reykjavíkur hafnar öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.
28. Árborg mótmælir harðlega kvótasetningu á grásleppu.
29. Klettur leggst gegn kvótasetningu á grásleppu.
30. Fontur er mótfallinn kvótasetningu á grásleppu.
31. Elding mótmælir öllum hugmyndum um kvótasetningu grásleppu.
32. Strandir mótmælir öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.

33. Str.v.f. Krókur mótmælir öllum fyrirætlunum um kvótasetningu grásleppu.

34. Báran leggur til að veiðum á grásleppu verði stjórnað með aflamarki.

Greinargerð

Það að stjórna grásleppuveiðum með sóknarmarki (dögum) þegar Hafró leggur til veiðar á ákv. aflamarki, er ekki nákvæm né hagkvæm leið við veiðarnar. Líklegt er einnig að aflamark skili jafnara og hærra verði fyrir afurðirnar.

Það að virk grásleppuleyfi geti orðið um 450 þó svo 250 séu virk um þessar mundir þá býður þetta kerfi upp á að framboð verði umfram eftirspurn þau ár sem verð á hrognum er gott. Miklar sveiflur sem það býður upp á eru ekki af hinu góða fyrir greinina.

35. Báran leggur til að lengja veiðitíma grásleppu í Faxaflóa til 15. ágúst.

Greinargerð

Reynsla er af veiðum í Faxaflóa síðsumars og er grásleppa að ganga þar allt fram í september til hrygningar.

Svo virðist sem stóra grásleppan komi í lok veiðitímans, öfugt við mörg önnur svæði.

36. Skalli leggur til að upphafstími grásleppuveiða á svæði B og E verði 1. mars.

37. Skipulag grásleppuveiða

Sæljón leggur eindregð til að breytingar verði gerðar á skipulagi grásleppuveiða:

Bátar eigi kost á að taka upp net í brælutíð án þess að dagafjöldi þeirra til veiða verði skertur.

38. Félag smábátæigenda á Austurlandi hafnar hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu og einnig vill fundurinn að heimilt verði að taka hlé frá veiðum með því að taka upp net. Til dæmis ef von er á stór brælu eða í þeirri von að þorskur gangi af veiðislóð.

39. Snæfell ályktar að við kvótasetningu grásleppu verði þess gætt að ekki sé hróflað við stærðarhámörkum grásleppuveiðibáta. Mikilvægt er að gæta þess vel að stórútgerðin hrifsi ekki til sín grásleppuveiðarnar.

40. Snæfell krefst þess að við kvótasetningu grásleppu verði þess gætt að veiðiskylda sé 0%. Veiðiskylda á grásleppu myndi gefa kaupendum grásleppu óeðlilega mikil völd til verðstýringar og stilla fjölda grásleppuveiðimanna upp við vegg.

41. Snæfell telur mjög mikilvægt að standa fast í lappirnar varðandi tilburði Hafró til svæðalokana grásleppuveiðisvæða í Breiðafirði sem byggja á útreikningum sem standast enga skoðun. Víðtækar lokanir hefðu hræðilegar afleiðingar fyrir samfélagið við innanverðan Breiðafjörð.
42. Snæfell mótmælir harðlega þeirri aðferðafræði sem hefur verið viðhöfð við útreikninga á meðafla í grásleppunet. Það er að segja uppreikning á fugli og sel úr veiðieftirlitsferðum Fiskistofu.
43. Fontur krefst þess að ef til kvótasetningu grásleppu kemur, verði þess gætt að takmarkanir á fjölda neta og stærð báta, svæðaskipting og veiðitímabil verði óbreytt.
44. Fontur leggur áherslu á að grásleppuleyfi sem legið hafa ónotuð í áraraðir og hafa ekki reynslu miðað við fyrirhugað frumvarp verði ekki úthlutað bætur að neinu tagi í aflamarki í grásleppu komi til kvótasetningar.

Greinargerð

Mjög leyfi hafa legið ónotuð í áraraðir niðri í skúffu og mörg þeirra tilheyra jafnvel dánarbúum. Það á ekki að hafa komið neinum á óvart að kvótasetning á grásleppu hefur verið lengi í umræðunni.

Það er skylda LS að verja hagsmuni sinna félagsmanna og ekki síst þeirra sem stundað hafa veiðarnar í áraraðir, áratugi, það er ótækt að slík leyfi fái einhverskonar bætur í aflamarki grásleppu sem mun skerða hlut þeirra sem stundað hafa veiðarnar.

Makrílveiðar

45. Frjálsar makrílveiðar

Sæljón leggur til að makrílveiðar verði gefnar frjálsar og reglugerð sem gefin var út fyrir fjórum árum verði felld úr gildi, heildarúthlutun verði 16%.

46. Snæfell leggur til að við makrílveiðar færabáta verði viðbótarheimildum úthlutað samhliða veiðum. Ekkert skip getur fengið úthlutað viðbótarafllaheimild fyrr en það hefur veitt 80% af úthlutuðum aflaheimildum sínum, enda gildi sú takmörkun ekki hjá bátum sem hafa úthlutað aflamark minna en 27 lestir.

47. Smábátafélag Reykjavíkur krefst frjálsra handfæraveiða smábáta á makríl.

48. Árborg mótmælir þeim seinagangi sem á sér stað við úthlutun á 4.000 tonna potti í makríl. Það getur tekið upp í 7 daga að fá úthlutun úr pottinum. Þar sem makrílvertíðin er stutt og þolir enga bið er þetta ekki ásættanlegt fyrirkomulag.

Netaveiðar

49. Snæfell leggur til að leyfðar verði netaveiðar á krókaflamarksbátum frá 1. september til 15. apríl ár hvert.
50. Smábátafélag Reykjavíkur hafnar því að leyfa netaveiðar krókabáta.
51. Félag smábátæigenda á Austurlandi hafnar því að þorsknetaveiðar verði leyfðar á krókaflamarksbátum.

Handfæri og handfæraívilnun

52. Sæljón samþykkir að sett verði sérstök handfæraívilnun á krókaflamarks- og aflamarksbáta undir 30 tonnum.
53. Félag smábátæigenda á Austurlandi leggur til að umhverfisívilnun verði einnig á veiðar með handfærum.
54. Árborg leggur til að sett verði sérstök handfæraívilnun á krókaflamarks- og aflamarksbáta undir 30 tonnum. Þar sem mikið magn af aflaheimildum hefur brunnið inni í línuívilnunarþotti síðustu ár vegna samdráttar í landbeitningu. Væri tilvalið að nota þessar heimildir sem ívilnun á krókaflamarksbáta til að efla handfæraveiðar enn frekar.
55. Smábátafélag Reykjavíkur krefst þess að sams konar ívilnun verði fyrir handfæri og línu og verði kölluð krókaívilnun.
56. Smábátafélag Reykjavíkur vill að handfæraveiðar séu undanþegnar hrygningarstoppi.
57. Það er eindregin skoðun Smábátafélags Reykjavíkur að handfæraveiðar smábáta eigi að vera frjálssar.
58. Árborg leggur til að handfæraveiðar verði frjálssar.

Línuívilnun

59. Sæljón mótmælir harðlega ákvörðun sjávarútvegsráðherra að lækka aflaviðmiðun til línuívilnunar.
60. Árborg mótmælir harðlega skerðingu á línuívilnunarþotti, 5,3%.
61. Elding leggur til að línuívilnun verði á alla dagróðrabáta undir 30 tonnum. 30% á landbeitta línu, 20% á stokkað upp í landi og 10% á vélabáta.
62. Snæfell skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta ákvæði laga um línuívilnun þannig að hún gildi fyrir alla dagróðrabáta minni en 30 brúttótonn og styttri en 15 metrar.
- Verði 30% við fulla beitningu, 20% við uppstokkun og 10% fyrir vélabáta.
63. Sæljón samþykkir að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta undir 30 tonnum sem róa með landbeitta línu, trekt og vélabeitningu.
64. Skalli krefst þess að þau þúsund tonn sem tekin voru úr línuívilnunarþottinum verði skilað og ívilnun hækkuð í 30% á landbeitta línu hjá dagróðrabátum undir 30 t. Þá njóti dagróðrabátar er róa með beitningartrekt 20% ívilnunar. Dagróðrabátar með beitningarvél innan 30 t. njóti 10 % ívilnunar.
65. Félag smábátaeigenda á Austurlandi leggur til að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta þar sem umhverfisívilnun taki mið af því hvernig línan er beitt. Framvegis verði ívilnunin kölluð umhverfisívilnun, enda er kolefnisspor við línuveiðar mun minna en við veiðar dreginna veiðarfæra og áhrif veiðanna á botn og botndýr óveruleg.
66. Reykjanes leggur til að línuívilnun verði aukin og gildi fyrir alla dagróðrabáta minni en 30 tonn. Verði 30% þegar lína er beitt og stokkuð upp í landi, 20% þegar stokkað er upp og lína yfirfarin.

Leiga veiðiheimilda

67. Klettur leggur til að kvótalitlum og kvótalausum útgerðum verði heimilt að leigja krókaafلامark og geyma á milli ára með ríkri eða algjerri veiðiskyldu þó.

Greinargerð

Það er með öllu óþolandi að ítrekað komi upp sú staða að á nýju kvótaári geti menn ekki hafið veiðar fyrr en eftir dúk og disk vegna þess hve leigukvóti skilar sér seint og illa inn á markaðinn. Það getur ekki verið til hagsbóta fyrir land og þjóð að menn þurfi að binda bátana sína vikum saman eingöngu vegna þess að „kerfið“ hefur þennan ágalla.

Endurskoðun á reglum um 5,3% veiðiheimilda

68. Klettur leggur til, í tilefni þess að nú er nefnd á vegum ráðherra að endurskoða 5,3% svokölluðu eða pottana, að þeim skilaboðum sé komið til nefndarinnar að í stað línúvilmunar komi krókaívilnun eða umhverfisívilnun sem nái þá til allra dagróðrabáta hvort sem róið er með línu eða handfæri.

Greinargerð

Tilgangur línúvilmunar á sínum tíma var að búa til störf í landi. Nú til dags eru þessi störf óvinsæl og auk þess færast í aukana að bátar noti frekar beitningavél vegna betri aflabragða og svo framvegis. Þá eru umhverfismál mjög ofarlega á baugi í dag og því tilvalið að nýta okkur til framdráttar - okkar lága kolefnis- og umhverfisspori sem krókaveiðar feta.

Flutningur veiðiheimilda milli kerfa

69. Elding mótmælir öllum flutningi aflaheimilda úr krókaafلامarsskerfinu upp í aflamarsskerfið.
70. Smábátafélag Reykjavíkur krefst þess að lokað verði fyrir þann möguleika að færa aflaheimildir úr krókaafلامarsskerfinu í aflamarsskerfið.
71. Smábátafélag Reykjavíkur hafnar sameiningu aflamarks og krókaafلامarss.

72. Sæljón hafnar öllum hugmyndum um sameiningu aflamarks- og krókaaflamarks.
73. Klettur hvetur ráðherra til að stoppa upp í gat í kerfinu sem kallað er smugan. Þ.e. að ótakmarkað sé hægt að skipta á aflamarki í ýsu í staðinn fyrir krókaaflamark í þorski.

Greinargerð

Það hlýtur öllum að vera ljóst sem vita hvers vegna þessi heimild kom til á sínum tíma, að hún er með öllu til óþurftar fyrir krókaaflamarksbáta og er í dag eingöngu til þess fallin að hægt sé að dæla krókaaflamarksporski upp í aflamarkskerfið. Enda enginn hörgull á ýsuheimildum í krókaaflamarki. Áhrifin eru mjög svo þekkt; lítill leigukvóti til í krókaaflamarki með tilheyrandi verðhækkunum á leigukvóta.

VS afli

74. Smábátafélag Reykjavíkur krefst þess að tímabil VS afla verði 1 ár.

Dragnótaveiðar

75. Bann við veiðar í dragnót

Sæljón leggur til að veiðar með dragnót í Faxaflóa verði bannaðar innan línu úr Garðskaga í Malarrif.

76. Drangey skorar á stjórnvöld að virða ítrekaðar óskir sveitarstjórnar Skagafjarðar, Landssambands smábátaeigenda og Drangeyjar um að taka upp fyrri takmarkanir á veiðum með dragnót á Skagafirði þannig að þær verði óheimilar innan línu sem dregin er milli Ásnefs í vestri í norðurhorn Þórðarhöfða í austri.
77. Drangey mótmælir fyrirhugðum áformum stjórnvalda um rýmkun á reglum um veiðar með dragnót í landhelgi Íslands.

Hvítlúða

78. Sæljón vill leyfa löndun á hvítlúðu sem meðafla við krókaveiðar. Um andvirði aflans skal fara með eins og andvirði annars afla.

79. Snæfell krefst þess að löndun á hvítlúðu sem meðafla við krókaveiðar verði leyfð, enda sé ekki um beina sókn að ræða. Um andvirði aflans skal fara með eins og andvirði annars afla.

Byggðakvóti

80. Árborg krefst þess að reglur um byggðakvóta verði breytt á þá leið að þeir bátar sem fá úthlutað og eru án vinnslu fá að landa byggðakvótanum í sínu byggðarlagi á fiskmarkað.

81. Félag smábátæigenda á Austurlandi leggur til að byggðakvóta verði úthlutað sem ívilnun við löndun.